

309. fundur

Föstudaginn 7. febrúar 2025, kl. 11:00 kom verðlagsnefnd búvara saman á fjarfundi. Fundinn sátu: Tryggvi Þór Herbertsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hálfván Óskarsson, Hrannar Már Gunnarsson, Reynir Þór Jónsson, Pálmi Vilhjálmsson, Steinunn Bragadóttir og Sigurbjörg Ottesen. Þá sat einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum.

Formaður tók eftirfarandi fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 308 samþykkt.

2. Iðnaðarlíkan

Farið yfir þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva frá síðustu verðlagningu. Síðasta heildsöluverðlagning tók gildi 1. desember 2024, en hún byggði á niðurstöðum iðnaðarlíkans í september en þó var gengið skemur við verðhækkun en niðurstöður líkansins gáfu tilefni til. Frá desember 2023 til september 2024 var hækkunarþörf iðnaðarlíkans 4,12% en framkvæmd verðhækkun nam 3,20% og var 0,92% hækkun frestað að sinni. Vinnslu- og dreifingarkostnaður iðnaðarlíkans hefur aukist um 0,73% frá september til desember 2024. Samanlögð hækkunarþörf gefur því tilefni til 1,65% verðhækkunar.

3. Verðákvörðun

Að loknum umræðum um niðurstöður verðlagslíkana og þróun kostnaðarliða síðustu mánuði var lögð fram tillaga um hækkun lágmarksverðs og heildsöluverðs. Lagt til að lágmarksverð til bænda yrði hækkað um sem nemur hækkun verðlagsgrundvallar frá september til desember 2024 og að heildsöluverð hækki um sem nemur veginni hækkun lágmarksverðs og hækkunar vinnslu- og dreifingarkostnaðar. Tillagan var samþykkt. Fulltrúar ASÍ og BSRB sátu hjá. Lágmarksverð mjólkur til bænda hækkar um 0,46%, úr 136,30 kr./ltr í 136,93 kr./ltr. Heildsöluverð mjólkurvara hækkar um 1,0% og heildsöluverð ógerilsneyddrar mjólkur í lausu máli hækkar um 0,6%. Verðbreyting tekur gildi þann 17. febrúar nk.

4. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur

Lagt fram erindi SAM um skilgreiningu á efnainnihaldi viðmiðunarmjólkur lágmarksverðs til framleiðenda skv. 8. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Í lágmarksverði mjólkur er miðað við að 50% af verðinu sé greitt samkvæmt fituinnihaldi og 50% próteininnihaldi. Miðað er við meðalefnainnihald mjólkur síðustu þrjú ár og er niðurstaða útreikninga að viðmiðunarinnihald sé 4,23% fita og 3,38% prótein. Nefndin staðfesti þessa viðmiðun á mjólkurverði.

5. Önnur mál

- Umræður um skipulag funda og verkefni framundan. Ákveðið að nefndin setji sér fundadagskrá út árið og að fundargögn skuli berast nefndinni amk. þremur dögum fyrir setta fundi. Drög að fundadagskrá verður send með tölvupósti og mun taka mið af birtingaáætlun Hagstofu Íslands vegna framreiknings líkana.

- Þá var ákveðið að hefja vinnu við að skoða þætti iðnaðarlíkansins í samræmi við ákvörðun fund 307. Ákveðið að minnisblað með tillögum um hvernig slíkri skoðun geti verið háttáð verði sent til nefndarinnar í febrúar.

- Þá var rætt um bilið milli tekjuhliðar annars vegar og hins vegar framleiðslukostnaðar sem metinn er í verðlagsgrundvelli kúabús. Bilið á milli metins framleiðslukostnaðar á mjólkurlíttra og tekjum á móti er töluvert og leiddi umræðan í ljós, að óháð hvaða skref yrðu tekin væri ljóst að aðkoma stjórnvalda að málinu væri æskileg.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12:15.